

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skaptafellssýslu um flutning þingstaðar.** 130  
Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi yðar, 6. ágúst. dagsettu 15. júní þ. á., og eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Leiðvallahreppi, vil jeg hjer með samþykkja, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Leiðvelli að Langholti, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli.** 131  
Samkvæmt tillögum hinna heiðruðu stiptsyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. ágúst. 10. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn í Holtapingum, sjera Ófeigur Vigfússon, taki allt að 1000 kr. embættislán úr landssjóði gegn tryggingu í tekjum prestakallsins til að gjöra á prestssetrinu Guttormshaga íbúðarhús úr timbri 18 álna langt og 9 álna breytt, járnþakið og járnvarðið á hliðum og göflum, fullar 4 álnir undir lopt, með kjallara undir hálfu húsinu og með herbergjaskipun þeirri, er tilgreind er í áður nefndu þóknanlegu brjefi yðar. Þó er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að lánið verði endurborgað á 20 árum samfleytt, að telja frá því lánið er tekið, með  $\frac{1}{20}$  hluta lánsins á ári, auk vaxta, að sannað verði með skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje vandað að efni og smíði að öllu leyti, að húsinu fylgi nægilegir ofnar og eldavjel, að húsinu undir eptirliti prófasts sje haldið í eldsvoðatryggingu fyrir minnst 2000 krónur, að hið nýja hús verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður hafa fylgt prestakallinu: baðstofa, stofa, búr og eldhús með tilheyrandi göngum og dyrum, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfivöldum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um eptirlaun prestsekkju.** Með 132  
þóknanlegu brjefi, dagsettu 18. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, látið uppi 26. ágúst. álit yðar um erindi frá prestsekkju Steinunni Eiríksdóttur, þar sem hún spyrst fyrir um það, hvort sjer eigi sem ekkju Páls prests Pálssonar í Þingmúla hafa borið náðarárspeningar af hinu sameinada Þingmúla og Hallormsstaðarprestakalli, er maður hennar þjónaði, enda þótt hún einungis hafi fengið náðarárshluta greiddan af Þingmúlabrauði. Hafið þjer tekið það fram, að sjera Páli heitnum Pálssyni hafi á sínum tíma verið veitt Þingmúlaprestakall, en að hann að eins hafi verið settur til þess fyrst um sinn að þjóna Hallormsstaðarprestakalli (sbr. Stj.tíð. 1881, B, bls. 48), og að sú skipun hafi haldizt til daudadags hans. Álítið þjer því, að umgetinni prestsekkju hafi ekki borið náðarárs-

**132** tekjur af Hallormsstaðarprestakalli, sbr. landshöfðingjabrjef frá 23. oktbr. 1885 26. ágúst. (Stj.tíð. 1885, B, bls. 137—138).

Með því að jeg verð að vera yður samdóma um það, er þjer þannig hafð tekið fram, og fellst á ástæður þær, sem framannefnt landshöfðingjabrjef er byggt á, að því leyti er snertir það atriði, er hjer er um að ræða, verður að svara neitandi fyrirspurn þeirri, er hjer liggur fyrir.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**133** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa 27. ágúst. prestakalli. Samkvæmt beiðni prestsins á Helgastöðum, sjera Pjeturs Helga Hjálmarssonar og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. maí þ. á., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2250 kr. embættislán upp á tekjur Helgastadaprestakallsí Sudurþingeyjarprófastsdæmi til að koma upp á prestssetriinu, í stað hinna gömlu bæjarhúsa, er sum brunnu í eldsvoða 21. febr. f. á., en sem voru orðin mjög hrörleg, vönduðu tímurbúsi 12×12 álnir að flatarmáli, tvíloftuðu, 9 álna háu undir ris, með steinlímdum kjallara undir öllu húsinu, og með haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem prófasturinn í Sudurþingeyjarprófastsdæmi samþykkir. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að eigi verði útborgað meira en helmingur lánsins fyr en sannað er með skoðunargjörð, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins með 6% árlega af hinni upphaflegu lánsupphæð á 28 árum frá lántökudegi að telja, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 3000 krónum að minnsta kosti, að sannað verði, hvenær sem krafizt er, að húsinu sje vel viðhaldið, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Hjer með er úr gildi fellt lántökuleyfi það, handa nefndum presti, sem veitt er með brjefi mínu 28. maí f. á. (Stj.tíð. 1896. B, bls. 74).

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

**134** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa 27. ágúst. prestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins að Arnarbæli í Ölfusi, síra Ólafs Ólafssonar og tillögum yðar, herra amtmaður og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. apríl þ. á., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki allt að 3000 króna embættislán uppá tekjur Arnarbælisprestakalls í Árnesprófastsdæmi til þess að byggja á prestssetrinu tvíloftað í-búðarhús úr tímri 12×12 álnir, járnþakið og járnvarið allt á hliðum og göf-